

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



<b>Dags eftirlits</b>	24.10.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinnur Karlsson
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá Stekkjarvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Viggósson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var skráð í eftirlitinu vegna vanskila á útstreymisbókhaldi, frávikinu er lokið. Engin athugasemd var skráð í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skiladaga skv. því. Í ár hafa allar skráningar borist frá rekstraraðila. Eftirlitsaðila barst ekki útstreymisbókhald frá rekstraraðila á tilskildum tíma og skráist það sem frávik. Frávikinu er jafnframt lokið þar sem útstreymisbókhald barst eftirlitsaðila 1. ágúst sl. Umhverfisstofnun minnir á að rekstraraðili skal 1. maí ár hvert skila útstreymisbókhaldi fyrir undangengið almanaksár.

Magn úrgangs sem urðað er árlega í Stekkjarvík nálgast hámarks heimild sem tilgreind er í starfsleyfi. Árið 2016 voru urðuð 20.241 tonn á urðunarstaðnum en heimild er fyrir 21.000 tonnum í starfsleyfinu. Á fyrstu 9 mánuðum þessa árs hafa verið urðuð 14.717 tonn á úrgangi á urðunarstaðnum en það er sambærilegt sama tímabili árið 2016, því gerir rekstraraðili ekki ráð fyrir því að fara fram úr heimildum starfsleyfis á þessu ári. Rekstraraðili hefur fundað með Umhverfisstofnun vegna aukningar á magni úrgangs á urðunarstaðnum og málið er til meðferðar hjá stofnuninni.

Í sumar barst Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra ábending vegna flugna sem að talið var að bærust frá urðunarstaðnum. Eftirlitsaðili hafði samband við rekstraraðila vegna málsins. Ekki er hægt er að fullyrða að flugurnar stafi af rekstri urðunarstaðarins en mikilvægt er að allar slíkar ábendingar séu skráðar og þeim haldið til haga hjá Umhverfisstofnun og rekstraraðila.

Rætt var um þjálfun starfsmanna en áætlun vegna þjálfunar starfsmanna hefur ekki verið tiltæk. Rekstraraðili vinnur að því að bæta þjálfun og auka endurmenntun. Í vetur munu starfsmenn til að mynda fara á námskeið hjá Eldstöðum ehf.

Hreinsivirki var seinast tæmt þann 29. september sl. Rekstraraðili hefur notað fituleysandi hreinsiefni í hreinsivirkid. Umhverfisstofnun hefur til skoðunar hvort efnið henti til þessar notkunar og hafi ekki skaðlega áhrif á umhverfið.

Árið 2014 hófst eftirfylgni vegna tveggja frávíka á urðunarstaðnum þar sem farið var fram á að rekstraraðili kæmi upp söfnunarkerfi fyrir hauggas og jafnframt að hann gerði mælingar á gasinu. Rekstraraðili skilaði inn áætlun um úrbætur sem eftirlitsaðili samþykkti árið 2015 en í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að urðunarhaugurinn næði fullri hæð árið 2016 og þá yrðu útbúnar fullkomnar sýnatökuholur í hauginn. Söfnun hauggas átti að hefjast haustið 2017 ásamt símmælingum á gasinu. Urðunarhaugurinn náði ekki fullri hæð fyrr en í mars 2017 og því hefur vinnu við verkið seinkað. Í eftirliti lagði rekstraraðili fram uppfærða úrbótaáætlun þar sem kemur fram áætlað sé að söfnun og mælingar á hauggasi hefjist ekki seinna en í mars 2018. Umhverfisstofnun hefur samþykkti úrbótaáætlunina.

Farið var um svæðið og það skoðað. Svæðið leit snyrtilega út og lítil ummerki um fok. Í sumar voru reistir um 650 m af fokheldum girðingum til viðbótar við þær sem fyrir voru. Farið var niður í Stekkjarvík og brunnur á hreinsivirki skoðaður en í honum var engin sýnileg fita. Lítil sem enginn litur var á læknum sem liggur niður í víkina. Í sýnatökubrunni fyrir grunnvatn sem er niður í Stekkjarvík er ekkert vatn og því ætlar rekstraraðili að dýpka holuna.

#### Frávik frá

Gr. 5.5 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávik

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila inn útstreymisbókhaldi fyrir undan gengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði útstreymisbókhaldi til rekstraraðila þann 1. ágúst sl.

## ANNAÐ

Rekstraraðili spurði í eftirliti um farveg fyrir olíumengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili bendir á Leiðbeiningar um meðferð olíumengaðs jarðvegs sem gefnar voru út af eftirlitsaðila og má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Þar eru urðunarstaðir í mörgum tilvikum taldir heppilegir staðir til hreinsunar á menguðum jarðvegi.

Viðstödd eftirlitið voru Gunnar Svavarsson frá EFLU verkfærðistofu og Sigríður Hjaltadóttir frá Heilbrigðiseftirliti norðurlands vestra.

Reykjavík, 19.12.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Steinunn Karlsdóttir*  
Steinunn Karlsdóttir